

liðir nr. 3—5 verða teknir til athugunar í sambandi við ákvörðun málskostnaðar.

Stefnukrafan er því tekin til greina með kr. 400.000. Af þeirri fjárhæð ber stefnda að greiða 7% vexti á ári frá 8. mars 1972 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 12% frá þeim degi til greiðsludags. Loks ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 85.000.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi skipstjóra, og Andrési Guðjónssyni skólastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hekla h/f, greiði stefnanda, Ásgeiri Hafliðasyni, kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 8. mars 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 85.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1976.

Nr. 26/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Erni Ómari Úlfarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 25.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Örn Ómar Úlfarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 16. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 600/1975: Ákærvaldið gegn Erni Ómari Úlfarssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 19. nóvember 1974 og 19. desember 1974, á hendur ákærða, Erni Ómari Úlfarssyni verkstjóra, Grettisgötu 53 B, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. október 1946. Samkvæmt fyrri ákærunni er ákærði ákærður „fyrir að aka föstudaginn 26. apríl 1974 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 27857, vanbúinni til aksturs, frá veitingahúsinu Borgartúni 32 í Reykjavík áleiðis að húsi við Melhaga og aka á Laugavegi óvarlega og of hratt miðað við aðstæður, en skuggsýnt var, skýjað og rigning, með þeim afleiðingum, að gangandi vegfarandi varð fyrir bifreiðinni rétt við Laugarnesveginn, en hann gekk við hægri vegjaðar, og slasaðist hann alvarlega við slysið.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 4. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr. a og b liði 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969“.

Samkvæmt síðari ákærunni er hann ákærður „fyrir að aka laugardaginn 29. júní 1974, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni R 27857 frá Saltvík á Kjalarnesi áleiðis að Laugardalshöll í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Suðurlandsbraut við Skeiðarvog, og aka á þessari leið yfir löglegum hraðamörkum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968“.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

I.

Föstudaginn 26. apríl 1974 kl. 0148 var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnt, að maður hefði orðið fyrir bifreið þá skömmu áður á Laugavegi við Laugarnesveg. Var hér um að ræða bifreiðina R 27857, er ákærði í máli þessu ók vestur Laugaveg. Fyrir bifreiðinni varð Karl Hafberg Friðriksson, Bergþórugötu 31, fæddur 5. ágúst 1927, og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Farþegi með ákærða í bifreið hans var Ingibjörg Dóra Hansen, Melhaga 12, fædd 23. janúar 1955. Ákærði tilkynnti sjálfur um slys þetta á lögreglustöð.

Pegar rætt var við ákærða á slysstað, fannst daufur áfengisþefur frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöð til yfirheyrslu hjá varðstjóra og síðar til blóðtöku á slysadeild Borgarspítalans. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist 0.79‰ við rannsókn.

Haukur Bogason bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreið ákærða rétt eftir slysið, og segir svo í skýrslu hans um ástand bifreiðarinnar: „Stýrisbúnaður og hemlar í lagi. Hraðamælir í lagi. Rúður hreinar, en blautar. Rúðupurrkur voru ekki í lagi. Stefnuljós og flauta voru ekki í lagi“. Bifreið ákærða var af Skoda-gerð 110 R, fólksbifreið, árgerð 1972.

Samkvæmt lögregluskýrslu var myrkur, er slysið varð, skýjað og regn, en rafmagnslýsing á slysstað góð, en akbraut, sem er malbikuð, blaut.

Verður nú rakið það, sem máli skiptir úr framburðum ákærða og vitna fyrir dómi og rannsóknarlögreglu um akstur ákærða og slysið.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi umrætt kvöld farið í veitingahúsið að Borgartúni 32. Þar hafi hann neytt eins glass af áfengisblöndu frá kl. 2200—2300. Hafi það verið whisky, að magni sem svarar þremur einföldum sjússum. Hann kvaðst hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa eftir þá drykkju, en taldi þau hafa verið horfin með öllu, er hann hóf að aka u. þ. b. kl. 0140 um nóttina. Taldi hann niðurstöðu alkóhólrannsóknar sýna meira

alkóhólmagn í blóðinu en hann hefði talið eðlilegt. Taldi hann sig fullfæran til aksturs og hafi hann ekki fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði kveðst hafa ekið vestur Laugaveginna á ca 35—40 km hraða miðað við klst. Taldi hann sig aka á eðlilegum stað á akbrautinni, eða um miðbik hennar. Hann varð var við manninn, er hann átti eftir u. þ. b. 100 metra að honum, þar sem hann gekk á brún malbiksins í vesturátt. Virtist honum allt eðlilegt við hann, og kvaðst hann hafa séð hann líta einu sinni í átt til sín, þ. e. hann hafi litið aftur fyrir sig. Hann kveðst ekki hafa gefið sérstök ljósmerki né hljóðmerki, enda hafi hann talið, að maðurinn hafi orðið sín var. Hann kvaðst heldur ekki hafa breytt stefnu bifreiðarinnar, eftir að hann varð mannsins var, enda hafi hann ekki talið þörf á því, þar sem maðurinn hafi gengið á gangbraut, sem þó var ekki sérstaklega afmörkuð, en sjálfur hafi hann ekið á miðri akbraut.

Þegar ákærði var að aka fram hjá manninum, kveður hann manninn skyndilega hafa snúið sér og gengið út í götuna og um leið slegið út annarri hendi, sem skolið hafi í framrúðu bifreiðarinnar, en hún brotnaði. Maðurinn hafi kastast í götuna án þess þó að verða frekar fyrir bifreiðinni. Taldi ákærði þetta hafa borið svo brátt að, að hann hafi ekki haft tíma til að gera neitt til að koma í veg fyrir slysið. Um leið og slysið varð, sveigði hann bifreiðinni undan og hemlaði og beygði síðan aftur til hægri og stöðvaði síðan skömmu vestar. Þar sem engin bifreið kom þarna að, fór ákærði sjálfur á bifreið sinni til að tilkynna um slysið, en skildi farþegann eftir hjá hinum slasaða á meðan.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi verið með rúðuburrkur í gangi, er slysið varð. Bæði þær og flauta hafi verið í lagi, en þegar rúðan brotnaði, hafi þvingun komið á þurrkurnar og því hafi sameiginlegt öryggi fyrir þessa hluti bilað.

Ákærði telur, að maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, hafi verið undir áfengisáhrifum, því áfengisþefur hafi verið frá vitum hans og einnig hafi mátt merkja það á tali hans, þótt það hefði einnig geta stafað af högginu. Hann taldi útilokað, að maðurinn hefði skolið með hnakka á rúðu bifreiðarinnar, og hljóti áverkar á höfði og hálsi að hafa komið, er hann skall í götuna.

Ingibjörg Dóra Hansen hefur skýrt svo frá, að hún hafi hitt ákærða, sem hún þekkti fyrir, eftir dansleik í veitingahúsinu Borgartúni 32 umrædda nótt, og bauð hann henni akstur heim í bifreið sinni. Kvaðst vitnið ekki hafa séð nein merki áfengis-

áhrifa á ákærða né orðið þess áskynja á neinn hátt, að hann hefði neytt áfengis. Fannst því akstur hans eðlilegur og tók ekki eftir neinu óeðlilegu í því sambandi.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð mann þann, sem fyrir bifreiðinni varð, fyrr en hönd hans slóst í framrúðuna, þeim megin er vitnið sat, og kom þar gat á rúðuna. Taldi vitnið, að maðurinn hefði síðan skolið aftur á bak í götuna, en hann hefði ekki kastast upp á bifreiðina. Vitnið gat ekki gert sér grein fyrir því, hvar ákærði ók á akbrautinni, er slysið varð, en það varð ekki vart við neina stefnubreytingu, áður en slysið varð. Það mundi ekki, hvort rúðuburrkur voru í gangi né sérstaklega eftir útsýni fram á veginn. Það kvað ákærða hafa ekið mjög hægt, þegar slysið varð.

Vitnið taldi, að hinn slasaði hefði verið undir áhrifum áfengis. Merkti það þetta af því, að þegar það stóð yfir honum, á meðan ákærði fór frá til að tilkynna um slysið, hafi hann verið með „mikið raus“. Það mundi þó ekki til að hafa fundið áfengisþef af honum.

Karl Hafberg Friðriksson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að koma af dansleik í Glæsibæ umrædda nótt. Kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis á dansleiknum og ekki verið undir áfengisáhrifum. Hann hafi gengið vestur Suðurlandsbraut og Laugaveg, hægra megin, þ. e. norðan við götuna. Gangstétt sé ekki við þessar götur, en hann hafi gengið vel fyrir utan hina malbikuðu akbraut. Hann kvaðst aldrei hafa gengið upp á malbikið og hafa haldið sig í þeirri fjarlægð frá því sem hann taldi sig öruggan í. Hann kvaðst ekkert hafa vitað af bifreiðinni, er hann varð fyrir, fyrr en hún skall á honum. Hafi hann hvorki séð ljósgeisla frá henni né heyrt hljóðmerki. Hann kvaðst aldrei hafa snúið sér við til að hyggja að umferð, enda hafi hann talið sig óhultan af henni. Hann telur, að bifreiðin hafi fyrst skolið á hnésbót vinstri fótur og við það hafi hann kastast upp og skolið með hnakka á framrúðu eða gluggakarm og síðan fallið niður á vinstri öxl. Kvaðst hann ekki hafa misst meðvitund alveg strax, en hún hafi fjarað út þarna, meðan stumrað var yfir honum.

Vitnið kvaðst hafa verið klætt í hettuúlpu og hafi það nýlega verið búið að setja hettuna fram yfir höfuð sér, er slysið varð. Það kvaðst ekkert hafa breytt stefnu sinni né beygt í átt að götunni, áður en slysið varð.

Haukur Arnars Bogason bifreiðaeftirlitsmaður hefur komið fyrir dóminn og staðfest skýrslu sína um ástand bifreiðarinnar

R 27857. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir skoðun sinni á bifreiðinni né hvort það kom fram við skoðunina, af hvaða sökum rúðuburrkur, stefnuljós og flauta voru ekki í lagi. Það kvað það geta staðist, að þessir hlutir hafi verið í ólagi vegna bilunar á öryggi, þó það vissi ekki, hvort sama öryggi væri fyrir þessa þrjá hluti í bifreið af þessari gerð.

Lögreglumennirnir Valgarður Sveinn Hafdal, Sigurjón Páls-son og Ævar Pálmi Eyjólfsson hafa komið fyrir dóm og staðfest lögregluskýrslu og uppdrátt. Tveir hinir fyrstnefndu kváðust muna óljóst eftir þessu atviki og gátu ekki tjáð sig neitt um útlit eða ástand ákærða. Hinn síðastnefndi mundi hins vegar eftir því, að ákærði hefði sýnt kurteisi á slysstað og hafi hann ekki séð nein merki þess á honum, að hann væri undir áfengis-áhrifum. Samkvæmt skýrslu varðstjóra var ógreinilegur áfengis-þefur af andardrætti ákærða og augu vot og dauf, en að öðru leyti var útlit hans og framkoma eðlileg.

Aflað hefur verið vottorðs Hauks Árnasonar, læknis á slysa-deild Borgarspítalans, um meiðsli Karls Hafbergs Friðrikssonar, og segir þar m. a.:

„Við komu í Slysadeild er sjúklingur nokkuð ruglaður. Hann er vart áttaður á stað og stund. Man lítið eftir því, sem gerzt hefur. Telur, að hann hafi verið að koma úr samkomuhúsinu Glæsibæ, er slysið skeði. Hann neitar aðspurður að vera undir áhrifum áfengis, en það er nokkur vínlykt úr vitum hans við skoðun.

Sjúklingur ber sig aumlega. Hann kvartar um dofa í höndum og frá báðum úlnliðum og upp undir olnboga, meira vinstra megin en hægra megin. Hann kvartar einnig um verki í báðum hnjám.

Við skoðun kom í ljós: Allstór margúll og hrúfl er á bak við hægra eyra, en að öðru leyti er ekki áverka að sjá á höfði. Talsvert er af glerbrotum dreift um höfuð. Á vinstra hné eru nokkrar skrámur.

Við taugakerfisskoðun kemur í ljós: Getur hreyft báðar hendur og handleggi, en kraftar virðast nokkuð minnkaðir. Neðri ganglimi getur hann ekki hreyft að öðru leyti en því, að hann getur aðeins spennnt lærvöðvana framanvert. Sársaukaskyn á höndum er hyperaesthesi. Framan á brjóstholi og niður að IV. rífi vinstra megin og niður að V. rífi hægra megin er snertiskyn, en þar fyrir neðan virðist sársaukaskyn og snertiskyn vera algerlega upphafið, nema á blettum fyrir neðan bæði hnén.

Sinaviðbrögð fást fram í efri útlimum og eru lífleg, en á ganglimum fást engin sinaviðbrögð fram.

Að ofanskráðri rannsókn lokinni var sjúklingurinn sendur í röntgenmyndaðöku og teknar röntgenmyndir af höfuðkúpu, en á þeim myndum greindust ekki merki um brot á höfuðkúpu. og corpus pineale kom í ljós og lá í miðlinu.

Röntgenmyndir af hálsliðum sýndu brot á VII. hálslið með þríhyrningslaga broti úr efri- og frambrún þess hryggjarbols, einnig los á milli VI. og VII. hálsliðar, og var VI. hálsliður skriðinn fram um 5 mm með tilliti til næsta hálsliðar fyrir neðan. Einnig sást, að VI. hálsliður hafði skriðið um það bil 3—4 mm til hægri, borið saman við VII. hálslið.

Að ofanskráðri rannsókn lokinni var sjúklingurinn færður á Slysadeild að nýju og gert að sárum hans, en einnig í staðdeyflingu lagðar höfuðstrekktangir á höfuðkúpu vegna nefnds hálsbrots. Röntgencontrol eftir það sýndi nánast óbreytta legu hálsliða.

Sjúklingur var síðan lagður inn á legudeild Slysadeildar“.

Með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin framburði ákærða um áfengisneyslu, áður en hann ók bifreiðinni R 27857 greint sinn, verður að telja sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, þannig að varði við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Hins vegar verður ekki talið sannað gegn fullyrðingu ákærða um hið gagnstæða og með hliðsjón af skýringum hans á bilun á rúðuburrkum, flautu og stefnuljósum, að bifreiðin hafi verið vanbúin að þessu leyti við aksturinn. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð mann þann, er varð fyrir bifreið hans, er hann átti eftir u. þ. b. 100 metra að honum. Hafi hann ekki gefið honum hljóð- eða ljósmerki né hafi hann breytt stefnu bifreiðarinnar. Taldi hann manninn hafa orðið sín var. Samkvæmt gögnum málsins hefur Karl Hafberg orðið fyrir bifreiðinni rétt við mót akbrautar og gangbrautar, sem ekki var sérstaklega afmörkuð. Samkvæmt uppdrætti lögreglu lá hann að öllu leyti utan akbrautar, er að var komið. Akstursskilyrði voru léleg greint sinn, myrkur, regn og blaut gata, en lýsing var þó góð á slysstað samkvæmt lögregluskýrslu.

Þegar allt ofanritað er virt, verður að telja, að ákærði hafi, þá er hann ók fram á manninn, ekki sýnt þá aðgæslu, er honum

bar við ríkjandi skilyrði. Hann gaf manninum ekki merki, enda þótt hann hefði orðið hans var með góðum fyrirvara, né sveigði hann frá honum þrátt fyrir gott svigrúm til slíks á akbrautinni. Orsök slyssins verður því að teljast fyrst og fremst sú, að ákærði hafi ekið ógætilega nálægt manninum. Verður ekki séð, að háttalag mannsins hafi verið á þann veg, að ákærði hefði ekki átt að geta forðast ákeyrslu, ef hann hefði gætt fullrar aðgæslu, eftir að hann varð hans var. Meiðsli Karls Hafbergs Friðrikssonar svo sem þeim er lýst í læknisvottorði verða því að teljast bein afleiðing af gáleysi ákærða. Atferli hans varðar við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1., 2. og 3. mgr., a og b liði, 49. gr. umferðarlaga.

II.

Laugardaginn 29. júní 1974 kl. 1645 veitti lögreglumaður úr Reykjavík, sem staddur var á bifhjóli við Vesturlandsveg við Korpúlfsstaði, athygli bifreiðinni R 27857, sem ekið var hratt eftir veginum í átt til borgarinnar. Veitti hann bifreiðinni eftirför, og mældi hann hraða bifreiðarinnar með jöfnu bili milli sín og hennar, og sýndi hraðamælir hjólsins mest 130 km miðað við klukkustund. Var nokkur umferð þarna á veginum, og ók ökumaður R 27857 fram úr nokkrum bifreiðum á móts við Grafarholt. Náði lögreglumaðurinn fyrst að stöðva bifreiðina á Suðurlandsbraut, skammt austan Skeiðarvogar. Ökumaður hafði ekki ökuskírteini meðferðis, en kvaðst hafa ökuréttindi, og ástæðu fyrir akstri sínum kvað hann vera þá, að hann væri að flýta sér á lyftingamót í Laugardalshöll. Í ljós kom, að ökumaður var ákærði í máli þessu, en hann hafði með úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík 9. maí 1974 verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða vegna máls, sem fjallað er um undir I hér að framan.

Fyrir dómi hinn 17. október 1974 viðurkenndi ákærði, að hann hefði umræddan dag ekið bifreiðinni R 27857 frá Saltvík á Kjalarnesi áleiðis að Laugardalshöll í Reykjavík, uns lögreglan hafði afskipti af honum á Suðurlandsbraut, skammt frá Skeiðarvogi. Viðurkenndi hann samkvæmt bókun að hafa ekið hraðar en löglegt er á ofangreindri leið, en kvað ekki koma til álita, að hann hefði ekið á allt að 130 km hraða miðað við klst., því ekki sé hægt að koma bifreið sinni á þann hraða. Við upplestur bókunar neitaði hann hins vegar að hafa viðurkennt að hafa ekið á ólöglegum hraða. Er ákærða var birt ákæran í máli þessu hinn 17. febrúar sl., tók hann fram, að hann hefði ekki horft á hraða-

mæli sinn umrætt sinn. Fyrir lögreglu hafi hann sagt, að hann kynni að hafa farið upp í 80 km hraða, en hann hafi aldrei full-yrst, að hann hafi ekið á þeim hraða, svo sem fram kemur í lög-regluskýrslu. Hann kvað sér hafa verið ljóst, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða á þessum tíma.

Þegar virt er lögregluskýrsla og framburður ákærða, telst fyllilega sannað, að ákærði ók bifreið sinni leið þá, sem í ákæru greinir, hinn 29. júní 1974, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Varðar það við 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga. Hins vegar er ekki unnt að telja fram komna fulla sönnun á ólöglegum hraða ákærða við aksturinn greint sinn, og er hann því sýknaður af ákæru um brot gegn 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1968 14/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 37. gr. umferðarlaga.

1971 11/10 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 15. júlí 1971.

Dómssátt frá 11. október 1971 hefur ítrekunaráhrif á brot ákærða undir I hér að framan samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga, og ber að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af því.

Með hliðsjón af 219. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá ber og skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 9. maí 1974 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem fyrr segir.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Ómar Úlfarsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 9. maí 1974 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.